



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

65. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 30. des.

1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinson, formaður skólanefndar, Ómar Bjarnþórsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari skólanefndar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólameistari flutti skýrslu um lok haustannar, og skólaslit.

Önninni lauk með brautskráningaráðstöfn í Íþróttahúsi Keflavíkur 18. des. sl. Kór tónlistarskóla Njarðvíkur söng nokkur lög, og skólameistari flutti yfirlit um starfsemi skólans á önninni.

Eyjólfur Þórarinnsson rafvirkjameistari afhenti skólanum að gjöf rafrásartæki og rökrásartæki til kennslu á rafiðnabraut, og var gjöfin frá Rafmagnsverktökum Keflavíkur hf. Sigurður Erlendsson kennari flutti skólanum kveðju frá Íslenskum aðalverktökum hf., og kr. 30.000.- ávísun til kaupa á tækjum fyrir málmiðnabraut skólans.- 34 nemendur brautskráðust: 8 iðnnemar, 5 nemar af tveggja ára verlsunar- og skrifstofubraut, 1 vélstjóri 1. stigs, 6 flugmenn og 14 stúdentar.- Tveir áðurnefndra iðnnema luku bóklegu námi í stálskipasmíði, og eru þeir hinir fyrstu, sem slíku námi ljúka hérlandis, enda var iðngrein þessi fyrst löggilt sl. sumar, með útgáfu nýrrar iðnfræðslureglugerðar. Ólöf M. Ingólfsdóttir flutti kveðjuávarp af hálfu nemenda. Athöfninni lauk með ávarpi skólmeistarara til brautskráðra nema. Frá upphafi skólans hafa 405 nemendur brautskráðst þaðan. 476 nemendur stunduðu nám á haustönn 1981, og 220 í öldungadeild, 62 tóku þátt í námskeiðum, alls 758 nemendur.

2. Skólameistari fór nokkrum orðum um útlit og horfur í fjármálum skólans, ræddi í því sambandi fjárlagatillögur fyrir

1982 eins og þær lágu fyrir og um framlag ríkissjóðs til fjárfestingar í skólanum. Miklar framkvæmdir hafa verið á þessu ári, sem þegar hafa verið greiddar að hluta, með lánsfé, m.a. ræddu skólameistari, formaður skólanefndar o.fl. við fjárveitinganefnd

Alþingis um fjárbörfina, og voru upphaflegar tillögur fjárveitinga- nefndar hækkaðar verulega, og þar samþykktar endanlega, nokkurn veginn í samræmi við yfirlýsta fjárbörf skólans varðandi fast- ákveðin vélakaup, og greiðslu skulda. Lýstu skólamefndarmenn ánægju sinni með þau málalok. Þá gat skólameistari þess, að mjög nauðsyn- legt væri að fé þetta fengist sem fyrst, þar sem komið, þar sem komið væri að lokastigi fjárfestingar í bili, en hún var upphaflega ráð- gerð á tveim árum. Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 1982 þarf að yfirfara og endurskoða hið fyrsta, en hún var í stórum dráttum sam- samin fyrir ári og send út, með áætlun 1981.- Ráfiðnabraut hefur verið starfrækt á haustönn, og hún búin tækjum og aðstöðu.

3. Lagt var fram uppkast "Þróunarnefndar" að tillögum um verka- skiptingu og stjórnun innan skólans. Umræður um þar höfðu skólameistari og formaður skólamefndar, auk Hreins og Ómars, sem gerðu tillögur um vissar breytingar, til samræmis við gildandi reglugerðir. Var þeim falið að orða vissar greinar að nýju og ræða við þróunarnefndina áður en endanlega verður gengið frá málinu.

4. Nokkrar tilkynningar frá skólameistara:

a. Sigrún Þorsteinsdóttir kennari fær orlof á föstum embættis- launum næsta haust.

b. Matthías Sæmundsson kennari sækir um lausn frá störfum þar sem hann hefur verið ráðinn lektor í norrænum fræðum við háskóla í Rómaborg. Samþykkt.

c. Ásta Svavarsdóttir mun sennilega taka við kennslu Matthíasar.

d. Samningar við öldungadeildarkennara munu vera komnir í lag.

e. Kort hefur borist frá fyrverandi biskupi Íslands, með mynd af honum, ásamt blessunarorðum.

f. Þingmenn Reykjanesskjördæmis komu í heimsókn í skólann 4. des. sl. Skoðuðu þeir m.a. verknámshúsið að Iðavöllum 1.

g. Menntamálaráðuneyti hefur staðfest með bréfi þátttöku sína í ferðakostnaði flugbrautarkennara, að hálfu eins og annan reksturskostnar. Vegna fyrirspurnar Ingvars var upplýst að

þessi kostnaður hefur undanfarið misseri verið færður í við- skiptareikning, en ekki á rekstur. Nú fæst hann greiddur.

h. Ingólfur Halldórsson lagði til að ferðakostnaður eins nema úr Grindavík í skólann yrði greiddur, vegna óhagræðis á ferða- tilhögun. Samþykkt.

i. Ingvar ofl. töldu þörf á greinargerð frá skólanum um "fall- prósentu" yngri nemenda, einkum vegna þess að fullkomlega eðli- legar ástæður geta legið til þess að þeir standast ekki prófin.

5. Skólameistari og Ingvar Jóhannsson ræddu nokkuð um aðstöðuleysi vélstjórnarbrautar. Fyrir hana skortir í raun húsnæði. Ítrekuðu þeir nauðsyn þessa náms. Á fundinum lagði Ingvar fram kostnaðaráætlun um byggingu stálgrindahúss um 600 m² að stærð fyrir vélstjórnarnám, og rafiðnir. Vitnuðu þeir Ingvar og skólameistari til þess að slík skólabygging á Akureyri mun reist á vegum ríkisins. Kostnaðaráætlun sem þeir lögu fram nam kr. 2.000.000.- Málið var aðeins rætt á fundinum, án frekari niðurstöðu í bili.-- Nefndarmenn óskuðu hver öðrum heilla á komandi ári. ○

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson
ritari.

Lausleg kostnaðaráætlun fyrir 40m x 15m = 600m
stálgrindarhúsi fyrir vélstjórnar og rafíðnaðarbraut
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1.	Steypumót 432m ² @ 210,-	kr. 90.720,-
2.	Steypustyrktarjárn 1050kg. @ 8,40	- 8.820,-
3.	Steypa 37.5m ³ @ 996,-	- 37.350,-
4.	Fylling þjöppun útiting 1230m ³ @ 52,-	- 63.960,-
5.	Reisning og klæðning	- 115.500,-
6.	Gönguhurðir 4stk. @ 6.000,-	- 24.000,-
7.	Gluggar + gler 50m ² @ 1.851,-	- 92.550,-
8.	Rennihurða uppsetning 2stk. 4.500,-	- 9.000,-
9.	Uppúrtekt	- 14.250,-
10.	Gröftur fyrir skolpi, vatni og rafmagni	- 6.500,-
11.	Undirstöður fyrir vélar 3stk. @ 4.000,-	- 12.000,-
12.	Hús 600m ²	- 350.000,-
13.	Gólfsteypa og slípun	- 90.000,-
14.	Söluskattur ca	- 100.000,-
15.	Hurðir + skilrúm ca	- 100.000,-
16.	Klæðning á útveggð með einangrun og loftklæðning " " 1040m ²	- 146.640,-
17.	Málning á allt húsið + dúkar + listar	- 150.000,-
18.	Klæða af súlur	- 25.000,-
19.	Rafmagn, hitalögn, pípulögn ásamt hreinlætis- tækjum ca 25% af 1.436 eða	- 359.000,-
20.	Hækkun byggingavísitölu ca	- 204.710,-
		kr. 2.000.000,-

Velbræð

1.	Tölgengisvél. Eð til uppsetningarþingunnar.	kr 50.000.
2.	Tölgengisvél. — " — — — — — " — — — — —	kr 50.000.
3.	Vél fyrir álagðarvél Eð til. — " — — — — —	kr 100.000.
4.	Álagðarvél ^{því} Kapsalvél. Teknið og uppsetning	kr 100.000.
5.	Þryggt. huta og afgæmsmalistaki	kr 10.000.
6.	Diagrammalist.	kr 15.000.
7.	Malistaki fyrir slit og sveigju	kr 4.000.
8.	Allmann verkfæri	kr 5.000.
9.	Kennslutaki í vélræðisþingunni	kr 100.000.
10.	— " — — — — — í lefðslisþingi (vélbót)	kr 20.000.
11.	Kennslutaki fyrir Kælikerfi: Eilanaþingunni, verkleysa afþingun og lokastillingunni	kr 100.000.
12.	Uppbygging hljóðlátari verkfæra, verkforal OFL. á samt uppsetningunni og fjáfnadas brantat	kr 46.000.
		600.000.00



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Skýrsla um skólaslit á haustönn 1984.

Athöfnin fór fram í Keflavíkarkirkju, sunnudaginn 16. desember og hófst klukkan 14 með því að Siguróli Geirsson lék á kirkjuorgelið. Þá bauð Sævar Reynisson, kynnir, gesti velkomna. Hjálmar Árnason flutti yfirlit um skólastarfið á haustönn en Ingólfur Halldórsson afhenti próf-skírteini og ávarpaði brautskráða. Að því búnu afhenti Guðrún Erla Sigurðardóttir, kennari, verðlaun. Svala Sigurgeirsdóttir, nýstúdent flutti ávarp fyrir hönd brautskráðra. Stéfán Ásgrímsson, kennari, ávarpaði brautskráða fyrir hönd kennara. Jón Olsen, formaður Vélstjórafélags Suðurnesja, flutti ávarp vegna réttindanáms vélstjóra og færði skólanum kr. 30.000 að gjöf. Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, kvaddi tvo af reyndari kennurum skólans með bókargjöf og ávarpi. Þessir kennarar eru Sævar Reynisson, viðskiptafræðingur og Ottó Tynes, flugstjóri, en báðir hafa átt drjúgan þátt í móta skólann. Þá sté í ræðustól formaður skólanefndar, Gunnar Sveinsson, og upplýsti að þetta væru síðustu skólaslit er Jón Böðvarsson sæti sem skólameistari þar sem hann hefði fengið lausn frá störfum og verið ráðinn til að ritstýra skráningu iðnsögu Íslendinga á 20. öld. Rakti Gunnar gifturík störf Jóns Böðvarssonar í þágu FS og færði honum að gjöf frá skólanefnd áletraðan grip. Að lokum söng Jólakórinn nokkur jólalög undir stjórn Guðbjargar Rutar Þórisdóttur, nýstúdents.

Að þessu sinni luku nú 11 stúlkur og 25 drengir námi. Að auki sátu 25 menn réttindanám vélstjóra en brautskráning þeirra tafðist um eina viku, vegna verkfalls BSRB í október. Samtals voru því brautskráðir á önn-inni 61 nemandi. Skiptust þeir þannig eftir byggðarlögum: 30 úr Keflavík, 9 úr Grindavík, 4 úr Njarðvík, 3 úr Garði, 1 úr Vogum, 5 frá Reykjavík, 2 frá Akureyri og 1 frá hverjum þessara staða: Reykhólum, N-Múlasýslu, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Vík í Mýrdal.

Að auki sótti 101 nemandi námsskeið í starfsnámi FS, VS, KFS, og FKS en brautskráning þeirra átti sér stað í lok hvers námsskeiðs.

Þá stunduðu 59 nemendur nám í námsflokkum FS, 5 námsskeiðum, öllum próflausum.



Skólameistari, Jón Böttvarsson, brautskráir fjóra iðnnema: tvær stúlkur af hársnyrtibraut og tvo pílta hina fyrstu sem lokið hafa bóklegu námi í stálskipasmíði. Frá vinstri: Asdís Pálmadóttir, Kristín Jónsdóttir, Elríkur Benediktsson og Theódór Kjartansson.

Frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja:

Fyrstu nemar brautskráðir í stálskipasmíði

Haustönn 1981 lauk í Fjölbrautaskóla Suðurnesja með brautskráningarathöfn í íþróttahúsi Keflavíkur föstudaginn 18. desember s.l. kl. 16.00. Kór Tónlistarskóla Njarðvíkur söng nokk-

ur lög. Jón Böttvarsson skólameistari flutti síðan yfirlit um starfsemi skólans á önninni.

Eyjólfur Þórarinnsson afhenti skólanum að gjöf rafrásatæki og rókrasatæki til kennslu á rafíðna- braut frá Rafmagnsverktökum Keflavíkur h.f., — og Sigurður Erlendsson flutti skólanum kveðju frá Aðalverktökum h.f. og 30 þúsund króna ávísun til tækja- kaupa fyrir málmíðnabraut skólans.


34 nemendur brautskráðust: 8 iðnnemar, 5 nemar af tveggja ára verslunar- og skrifstofubraut, 1 vélstjóri, 1. stigs, 6 flugmenn og 14 stúdentar.

Tveir áðurnefndra iðnnema luku bóklegu námi í stálskipasmíði, og eru þeir hinir fyrstu sem slíku námi ljúka hérlandis enda var iðngrein þessi fyrst lög- gilt nú í sumar með útgáfu nýrrar iðnfræðslureglugerðar. Ólöf María Ingólfssdóttir flutti stutt kveðju- ávarp af hálfu nemenda.

Athöfninni lauk með ávarpi skólameistara til brautskráðra nema. Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók til starfa haustið 1976, og 405 nemendur hafa verið brautskráðir þaðan alls.

467 nemendur stunduðu nám í dagsskólanum á haustönn 1981 og 220 í öldungadeild.

Inni
bombur
með leikföngum
og spádómum



Party
bombur



Flugeldamarkaðir
Hjálparsveita skáta

RITSTJÓRNARGREIN

Friðarsinnar eða friðarspillar?

Um eitt voru spámenirnir ekki í vafa, friður verður aldrei ef réttlætið er ekki í heiðri haft.

Þannig kemst séra Gunnar Kristjánsson að orði í inngangsorðum í nýutkomnu kirkjuriti, en það er að þessu sinni helgað umræðuefninu: Friður á jörðu. Í Kirkjuritinu er að finna fjölda greina eftir lærða og leika, stjórnmalamenn og kirkjunnar þjóna, um háska mannkynsins á öld geyðingarvopna. Og um það, hvaða leiðir séu færar til að draga úr vigbúnaði og auka öryggi þjóða og einstaklinga í veröld stríðsóttans. Í máli höfundar koma fram mjög andstæð sjónarmið. Og enda þótt umræðan sé ekki mjög tæknileg, er hún engu að síður fróðleg og umhugsunarverð.

Í þessu sérhefti Kirkjuritsins er m.a. birt ályktun stjórnar Alkirkjuráðsins og lúterska heimssambandsins um helztu orsakir ófriðar með mönnum og þjóðum. Þær eru taldar þessar:

- Nýjar kenningar um að takmarkað kjarnorkustríð sé hugsanlegt.
- Siendurtekin brot á mannréttindum (t.d. á Helsinkisáttmálanum).
- Pólitísk spennan víða um heim.
- Tregða í hinum svonefndu Norður-suður viðræðum um alþjóðleg efnahagsmál.

Vafalaust má lengja þennan lista og setja fram á annan máta. En allt ber það að sama brúnni: „Friður — shalom — verður aldrei, ef réttlætið er ekki í heiðri haft“ Um það voru spámenirnir sammála.

Friðarhreyfingar eru ekki nýjar af nafni. Dr. Þórir Kr. Þórðarson, kennari við guðfræðideild háskólans, segir m.a. í grein sinni í Kirkjuritinu: „Á árunum 1938 og 1939 voru Bretlandseyjar undir lagðar „friðarhreyfingu“, sem gerði Hitler það kleift að sópa upp hverju landsvæðinu á fætur öðru í Evrópu, með því viklu sem þar var. Og það er athyglisvert (en gleymist stundur „friðarhreyfingin“ brezka gufaði upp í kaffitímanum þ. 1. sept. 1939. Þá var ljóst að Hitler var farinn inn í Pólland. Þá vildi „friðarhreyfingin“ skyndilega hvarfist með meirum en einni háttun.“



34 brautskráðir frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Haustönn 1981 lauk í Fjölbrautaskóla Suðurnesja með brautskráningarathöfn í Íþróttahúsi Keflavíkur föstudaginn 18. desember s.l. kl. 16.00.

Kór Tónlistarskóla Njarðvíkur söng nokkur lög. Jón Böðvarsson skólameistari flutti síðan yfirlit um starfsemi skólans á önninni.

Eyjólfur Þórarinnsson afhenti skólanum að gjöf rafrásatæki og rókrásatæki til kennslu á rafrónabraut frá Rafmagnsverktökum Keflavíkur h.f., — og Sigurðu

Erlendsson flutti skólanum kveðju frá Adalverktökum h.f. og 30 þúsund króna ávisun til tækjakaupa fyrir málmiðnabraut skólans.

34 nemendur brautskráðust: 8 idnnemar, 5 nemar af tveggja ára verslunar- og skrifstofubraut, 1 velstjóri, 1 stígs, 6 flugmenn og 14 stúdentar.

Tveir aðurnefndra idnnema luku bóklegu námi í stálskipamiði, og eru þeir hinir fyrstu sem slíku námi ljúka hérlandis

enda var iðngrein þessi fyrst lögilt nú í sumar með útgáfu nýrrar iðnfræðslureglugerðar. Ólöf María Ingólfssdóttir flutti stutt kveðjuávarp af hálfu nemenda.

Athöfninni lauk með ávarpi skólameistara til brautskráðra nema. Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók til starfa haustið 1976, og 405 nemendur hafa verið brautskráðir þaðan alls.

476 nemendur stunduðu nám í dagskólanum á haustönn 1981 og 220 í öldungadeild.

Alhúðublaðið segir